

Um kortagerð á Hraunum austur: bréf til
Landsvirkjunar

Árni Hjartarson

Greinargerð ÁH-2001-05

Um kortagerð á Hraunum austur

(Bréf til LV)

(Þessi texti var sendur sem bréf til Landsvirkjunar en fær nú greinargerðarhaus til að auðvelda leit að honum í gagnasafni).

- o o o -

Orkustofnun á sólstöðum 2001

Pétur Ingólfsson

Landsvirkjun

Svar við orðsendingu dags. 18. 6. 2001 og beiðni um stutta umsögn um bréf Jóhanns Helgasonar til LV 8. júní 2001.

Kjarni bréfsins virðist vera sá að kastað er rýrð á kort OS og þannig reynt að færa rök fyrir aðkomu jarðfræðistofunnar Ekru að kortlagningu við Kárahnjúka. Ásakanir um óvönduð vinnubrögð OS eru þó ekki rökstuddar með neinum dæmum og því ástæðulaust að elta ólar við þær. Þetta gefur tilefni til að rifja upp hvernig kort OS Vesturöræfi-Hraun er til komið. Árið 1997 fór LV þess á leit við OS að fyrirtækin létu tölvutaka og samræma jarðfræðikort sem þau höfðu látið gera í tengslum við virkjanarannsóknir á Austurlandi undangenginn aldarfjórðung. Eins og nærri má geta var kortasafn þetta æði fjölbreytilegt. Kortstaðlar, mælikvarðar, nákvæmni, teiknitækni og vinnubrögð öll voru afskaplega sundurleit enda urðu byltingarkenndar framfarir í kortvinnslu og kortagerð á þessu tímabili. Fyrir utan þessa sundurgerð voru einnig uppi misvísandi skilgreiningar á jarðlagasýrþum og mismunandi nafngiftir á sýrþum og einingum. Sums staðar stönguðust upplýsingar á. Hér þurfti því sannarlega samræmingar við. Í samræmingarvinnunni var eldri skilgreiningum þó alls ekki vikið til hliðar heldur var þvert á móti reynt að halda þeim til haga sem kostur var svo og nafngiftum og jarðfræðilegum skilum. Kortasafnið taldi 13 jarðfræðikort, allt frá handlituðum skissum og upp í tölvuunnin ArcInfo kort. Þau eru talin upp í töflu sem fylgir skýrslunni sem um þetta var skrifuð (*Vesturöræfi – Hraun. Samræming jarðfræðikorta á Austurlandi*). Jóhann Helgason er skrifaður fyrir 5 kortum, þremur handlituðum og tveimur litprentuðum. Það skal viðurkennt að þar sem kortum Jóhanns og Ágústs Guðmundssonar bar í milli voru skilgreiningar Ágústs oftar lagðar til grundvallar. Kristján Sæmundsson fór þó í tvær vettvangsferðir sem óháður aðili á Káraknjúkasvæðið til að skera úr um ákveðin vafaatriði eins og Jóhann minnst á í bréfi sínu. Slíkt var eðlilegt undir þessum kringumstæðum og þarf alls ekki að haggja þeirri skoðun Jóhanns að hann sjálfur búi yfir meiri jarðfræðilegri yfirsýn en Kristján og aðrir fræðingar Orkustofnunar.

Kort OS var í mælikvarða 1:100.000 með 20 m hæðarlínunum en þolir vel stækkun í 1:50.000 og er þá afhent með 5 m hæðarlínunum. Það er uppfært eftir föngum. Kort það í 1:200.000 sem Jóhann nefnir “official” kort Kárahnjúka er í raun smækkuð mynd þessa samræmda korts eins og það leit út eftir uppfærslu í ársbyrjun 2001.

Orkustofnun mælir með því að hver sem ráðinn verður til kortlagningar á þessu svæði af LV eða verktökum á hennar vegum fylgi í aðalatriðum þeirri samræmingu sem gerð var í margumræddri skýrslu og meðfylgjandi korti. Þá er átt við kortstaðla og merkingar, skilgreiningar og nafngiftir á jarðlagaeiningum og syrpum. Það er öllum fyrir bestu að temja sér samræmd vinnubrögð og ástunda gott bróðerni en forðast nagg og nag.

Árni Hjartarson